

Alþingi, 19. nóvember 2021.

Með bréfi, dags. 4. nóvember 2021, voru gestum sem komið höfðu fyrir undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa, öðrum en kærendum, send drög að málavaxtalýsingu um framkvæmd alþingiskosninga og talningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi. Drögin byggðu m.a. á framburði gestanna fyrir nefndinni og var þeim af því tilefni gefinn kostur á að koma athugasemdum eða ábendingum á framfæri við nefndina.

Með þessu skjali er framangreint bréf birt, auk þeirra athugasemda sem bárust nefndinni í kjölfar þess. Persónugreinanlegar upplýsingar í erindum allra svarenda, svo sem nöfn og netföng, hafa verið afmáð. Í hornklofa aftan við afmáð nöfn er vísað til þeirra aðila sem sérstaklega er getið í málavaxtalýsingunni með tilgreiningu hlutverka eins og þar er gert.



Reykjavík 4. nóvember 2021  
2110010  
0.30

**Til þeirra sem komið hafa á fund undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.**

Líkt og kunnugt er starfar nú á Alþingi undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa sem hefur m.a. til skoðunar kærur um framkvæmd alþingiskosninga 25. september 2021 í Norðvesturkjördæmi. Af þessu tilefni hefur undirbúningsnefndin tekið saman hjálögð drög að málsatvikalýsingu byggða á fyrirliggjandi gögnum málsins og hún hyggst byggja mat sitt á við tillögugerð sína.

Í drögum að málsatvikalýsingu er m.a. vísað til fundar sem þú áttir með undirbúningsnefndinni og upplýsinga sem þú veittir nefndinni. Af þessu tilefni er þess óskað að þú sendir nefndinni athugasemdir eða ábendingar ef einhverjar eru.

Á þessu stigi málsins er um að ræða vinnuskjal og fer nefndin því fram á trúnað um drögin og að skjalinu verði ekki dreift. Undirbúningsnefndin mun birta málsatvikalýsinguna opinberlega síðar og verður kærendum þá m.a. gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum við skjalið.

Þess er óskað að skriflegar athugasemdir eða ábendingar berist eigi síðar en kl. 16 laugardaginn 6. nóvember nk.

Vinsamlegast staðfestið móttöku erindisins.

*Fylgiskjal:*

Drög að málsatvikalýsingu um framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi, dags. 4. nóvember 2021.

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis

**From:** [REDACTED] [Frambjóðandi Viðreisnar]

**Sent:** fimmtudagur, 4. nóvember 2021 19:16

**To:** [REDACTED]

**Subject:** Athugasemdir v/rannsóknar kjörbréfa

Sæl [REDACTED].

[REDACTED] heiti ég og er frambjóðandi Viðreisnar sem kom fyrir undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar.

Mig grunar að þessi klausa eigi við mig:" Umboðsmaður

Viðreisnar sagði að vafaatkvæði hafi ekki verið borinn undir hann í endurtalningunni en hann hafi

gert sér grein fyrir því að ástæðulaust hafi verið að fara aftur yfir auða

og ógilda seðla þar sem ástæðan fyrir endurtalningu voru rangt flokkuð atkvæði."

Ég var í fyrsta lagi ekki umboðsmaður flokksins og það sem ég sagði á fundinum var að það var komið

upp að mér að fyrra bragði til að tjá mér að það væri ekki þörf á að fara aftur yfir auða og ógilda

seðla þar sem það hefði verið afgreitt um nóttina og það væri bara óbreytt.

Við báðum ekki um að fá að sjá þá þar sem við sáum ekki ástæðu til að véfengja þessi orð hans en

sáum svo að töluverðar breytingar höfðu orðið á atkvæðunum þegar við sáum svo útgefnar lokatölur

endurtalningarinnar.

Ég veit svo sem ekki hvort þetta breyti einhverju í stóra samhenginu en vildi samt koma þessu á

framfæri þar sem mér finnst það skipta máli að þetta hafi verið fullyrt við okkur að fyrra bragði en

það hafi svo ekki verið mark á því takandi.

Virðingarfyllt,

**From:** [REDACTED] [Oddviti yfirkjörstjórnar

Norðvesturkjördæmis]

**Date:** 5 November 2021 at 08:41:00 GMT

**To:** [REDACTED]

**Subject: RE: Til þeirra sem komið hafa á fund undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.**

Góðan dag

Athugasemdir mínar við málavaxtalýsingu undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa vegna kosninga til Alþingis 25/09 sl. í Norðvesturkjördæmi.

**Vafaatkvæði (neðst á bls. 2):**

Það er rangt að aðkoma umboðsmanna að úrskurðum um vafaatkvæði hafi verið takmörkuð eins og [REDACTED] heldur fram. Reyndar var það þannig að þeir atkvæðaseðlar sem voru ógildir voru það án alls vafa og um það var enginn ágreiningur. En samt sem áður voru umboðsmönnum sýndir atkvæðaseðlar sem allt benti til að væru ógildir ef þeir hefðu aðra skoðun á því en fulltrúar í yfirkjörstjórn en svo var ekki.

**Fundarfrestun yfirkjörstjórnar (ofarlega á bls. 4):**

Það er ekki rétt hjá lögreglu að yfirkjörstjórn hafi verið búinn að yfirgefa talningarstað kl. 07:11. Fulltrúar í yfirkjörstjórn hafa hugsanlega á þeim tíma verið komnir út úr salnum þar sem talningin fór fram en þeir voru ekki farnir til síns heima eða upp á hótélherbergi. Enda segir í fundargerð yfirkjörstjórnar að fundi hafi verið frestað kl. 07:35.

**Seinni talning atkvæða (um miðja bls. 6):**

Eins og fram kemur í fundargerð yfirkjörstjórnar voru allir fulltrúar í yfirkjörstjórn og starfsmaður mættir á talningarstað kl. 13:00 eftir fundarfrestun. Þá fyrst var hafin athugun á C-lista atkvæðum og því er það ekki rétt sem fram kemur hjá einum fulltrúa í yfirkjörstjórn að hann hafi ekki verið mættur þegar sú skoðun hófst. Þá var enginn kassi kominn upp á borð áður en allir fulltrúar í yfirkjörstjórn voru mættir. Ég fullyrði að þegar athugun á atkvæðum C lista hófst hafi allir fulltrúar í yfirkjörstjórn verið viðstaddir og þeir allir tekið upp sitt hvorn atkvæðabunkann og hafið skoðun á þeim. Þá voru engar stikkprufur teknar úr C bunka heldur voru allir atkvæðabunkarnir skoðaðir. Þá er það rangt að ég hafi sagt að landskjörstjórn hafi gefið fyrirmæli um endurtalningu heldur var um ábendingu að ræða frá landskjörstjórn eins og fram kemur í fundargerð yfirkjörstjórnar.

Vakin er athygli á því að viðkomandi fulltrúi í yfirkjörstjórn gerði enga athugasemd um það atriði í fundargerðinni að hann hafi verið mættur kl. 13:00 og þá hafi verið ákveðið að fara yfir atkvæði greidd C lista. Enda voru atvik með þeim hætti.

**Neðst á bls. 8 og ofarlega á bls. 9.:**

Tveir fulltrúar í yfirkjörstjórn hafi sagt að yfirkjörstjórn hafi hafið skoðun á flokkun atkvæða, nokkurs konar endurflokkun áður en talningarfólk og umboðsmenn framboðslista hafi mætt til endurtalningar. Þarna gæti ónákvæmni því yfirkjörstjórn hóf enga endurflokkun atkvæða áður en talningarfólk mætti. Eins og áður hefur komið fram fór yfirkjörstjórn yfir atkvæði C lista og síðan má vera að fulltrúar í yfirkjörstjórn hafi flett í gegnum einhverja kassa þar sem atkvæðabúnt voru til þess að staðreyna hvort búntin væru ekki örugglega í réttum kassa. En engin búnt voru tekin í sundur eða atkvæði úr þeim talin.

Þá er það ekki rétt hjá [REDACTED] að yfirkjörstjórn hafi byrjað að telja nokkra listabókstafi áður en [REDACTED] [starfsmaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis] hafi komið á svæðið og

búið hafi verið að telja nokkra flokka áður en talningarfólk kom á staðinn. Yfirkjörstjórn taldi engin atkvæði fyrir utan C lista og talningarfólk taldi öll atkvæði eftir að það kom á staðinn á sunnudeginum. Það er hins vegar rétt sem fram kemur hjá hinum starfsmanninum að það hafi verið búið að fara yfir C lista atkvæði, auða og ógilda seðla þegar talningarfólk kom á staðinn. En þetta var allt talið aftur af talningarfólki.

**Neðarlega á bls. 9:**

Umboðsmenn hafi sagt að auðir og ógildir seðlar hafi ekki verið bornir undir umboðsmenn við endurtalninguna.

Vegna þessa skal tekið fram að engin endurskoðun fór fram á því hvort ógildir seðlar væru ógildir því úrskurðað hafi verið um þá í upphaflegri talningu og ekkert sem gaf tilefni til þess að skoða það aftur. Þá þarf ekki að bera auða seðla undir umboðsmenn því annað hvort eru seðlar auðir eða ekki og skoðun umboðsmanna á þeim getur engu breytt.

Að öðru leyti held ég að málavaxtalýsingin gefi góða mynd af því hvernig framvinda mála var varðandi talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi.

Þá fullyrði ég að ekkert það hafi komið fram sem bendi til þess að þeir ágallir hafi verið á framkvæmd kosninga til Alþingis 25/09 sl. í Norðvesturkjördæmi sem geti hafa haft áhrif á úrslit kosninganna.

Kveðja

Frá: [REDACTED] [Fulltrúi í yfirkjörstjórn

Norðvesturkjördæmis]

Dagsetning: 5.11.2021 16:56 (GMT+00:00)

Til: [REDACTED]

Efni: svar við bréfi 04.11.2021

**Viðhengi:**

**Alþingi**  
b/t Rögnu Árnadóttur

**Sauðárkróki 05.11.2021**

**EFNI: Ábendingar og athugasemdir vegna Málavaxtalýsingar í NV 04.11.2021.**

Í bréfi frá Alþingi, dags. 04.11.2021, er undirritaðri boðið að gera skriflegar athugasemdir eða ábendingar við drög að málsatvikalýsingu frá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa. Hér fara á eftir þau atriði sem ég vil koma á framfæri.

Í málsatvikalýsingunni í kaflanum Fyrri talning atkvæða segir á í 2. mgr. á bls. 1:

*„Lýsti starfsmaðurinn talningarferlinu svo að afstemming atkvæða, flokkun þeirra og talning hafi verið öll gerð á einu og sama talningarborði, þ.e. hvert borð fór í gegnum allt talningarferlið. Það sé breyting frá fyrra verklagi þar sem atkvæði fóru í gegnum fjögur talningarborð.“*

Af þessu tilefni vil ég taka fram að mér var ekki kunnugt um þessa breytingu á verklagi frá fyrri talningum og stóð ég í þeirri trú að unnið væri að flokkun á borði 1, endurflokkun á borði 2, talningu á borði 3, og endurtalningu á borði 4. Um þess breytingu frá fyrri framkvæmd var ekki sérstaklega rætt í kjörstjórninni.

Þá segir í málsatvikalýsingunni í kaflanum Málsmeðferð landskjörstjórnar í 2. mgr. á bls. 12:

*„Viðkomandi kvað fundargerðina ekki vera í sínu nafni þar sem hann hafi hvergi komið að ákvörðun um að telja aftur atkvæði Viðreisnar.“*

Mín upplifun er sú að allir kjörstjórnarmenn hafi verið sammála um að láta endurtelja og ég man ekki eftir neinni athugasemd við þá ákvörðun.

Virðingarfyllst,

Frá: [REDACTED] [Fulltrúi í yfirkjörstjórn

Norðvesturkjördæmis]

Dagsetning: 6.11.2021 14:50 (GMT+00:00)

Til: [REDACTED]

Efni: Re: Til þeirra sem komið hafa á fund undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.

Góðan dag Heiðrún, ég þakka fyrir að fá þetta skjal í hendur og finnst það góða mynd af málavöxtum við talningu atkvæða í Norðvestur kjördæmi.

Mig langar þó að gera athugasemd við eftirfarandi.

Á bls.9 kemur fram að á fundi með starfsfólki talningar hafi komið fram að yfirkjörstjórn hafi verið byrjuð að telja þegar hún kom til endurtalningar á svæðið kl 14:30. Einungis hafði yfirkjörstjórn farið yfir flokkun allra C atkvæða bunka eins og fram hefur komið en talning hófst ekki fyrr en talningarfólk mætti á staðinn.

Á bls. 6 kemur fram að einn fulltrúi yfirkjörstjórnar hafi komið eftir að ákvörðun hafi verið tekin um að telja aftur og að landskjörstjórn hafi gefið fyrirmæli svo um. Nefndin var öll sammála um endurtalninguna þegar í ljós komu flokkunarvillur. Engin hreyfði mótmælum þess efnis.

[REDACTED] [Oddviti yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis] hafði upplýst okkur um að hann hefði fengið *ábendingu* frá landskjörstjórn um að hugsanlega þyrfti að fara í endurtalningu, ekki *fyrirmæli*.

Frá: [REDACTED] [Umboðsmaður J-lista]

Dagsetning: 6.11.2021 15:04 (GMT+00:00)

Til: [REDACTED]

Efni: Re: Til þeirra sem komið hafa á fund undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.

**Viðhengi:**

Athugasemdir við Málsatvik.

Það er tiltekið að ég hafi sagst hafa verið við talningu frá miðnætti til kl. 07.

Ég var alveg til enda þangað til talningu var lokið og var það einnig staðfest hjá [REDACTED] umboðsmanns Sósíalístaflokksins, sem var á staðnum frá upphafi talningar.

Ég geri athugasemd við að kosningu hafi verið FRESTAÐ þá um morgunin. Kosningu var lokið. Það kom ALDREI fram að kosningu væri frestað þarna rúmlega 07 um morguninn.

[REDACTED] [Oddviti yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis] fór í símann og hringdi niðurstöður talningarinnar. Hann frestaði aldrei talningu.



**From:** [REDACTED]

[Frambjóðandi og umboðsmaður F-lista]

**Sent:** Sunday, November 7, 2021 10:18 AM

**To:** [REDACTED]

**Subject:** Aths. og ábendingar ---- Re: Til þeirra sem komið hafa á fund undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.

Sælar,

Ég þakka póstinn og bréfið frá skrifstofustjóra Alþingis og drögin að málsatvikalýsingunni.

Ég vil byrja á að benda á að ég var sem oddviti F-lista Flokks fólksins umboðsmaður listans einungis viðstaddur endurtalninguna á sunnudeginum 26. September sl. Á kosninganótt var [REDACTED] umboðsmaður Flokks fólksins í Norðvesturkjördæmi viðstaddur talninguna líkt og kemur fram í málsatvikalýsingunni og fundargerð yfirkjörstjórnar. Mikilvægt er að ræða við hann varðandi málsatvik á kosninganótt. Það virðist hafa verið gert, sbr. *eftirfarandi orð í málsatvikalýsingu: "Umboðsmenn Viðreisnar, Flokks fólksins og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sögðu að oddviti hefði sýnt umboðsmönnum fimm vafaatkvæði."*

Eftir að hafa lesið vinnuskjalið að málsatvikalýsingunni föstudag og laugardag er það mín skoðun að drögin standist engan veginn þær kröfur sem gera má til þess. Þessi skoðun hefur ekkert með efnislega afstöðu mína til málefnisins að gera. Framsetning efnisins, orðanotkun og orðalag og stíll er ófullnægjandi og stenst ekki þær kröfur sem eðlilegt er að gera til skjala af þessu tagi. Má hér hafa til samanburðar dóma, skýrslu og minnisblöð frá hinu opinbera. Mikilvægt er að úr þessu verði bætt og vinnuskjalið endurskoðað frá grunni svo skjalið geti borið vitni um vönduð vinnubrögð undirbúningsnefndar Alþingis fyrir rannsókn kjörbréfa á öllum stigum málsins. Treysti ég á að það verði gert.

Einnig er sérstakt að skjalið skuli sent til athugasemda til umboðsmanna, en það er annað mál. Þekki ég ekki dæmi um það vinnulag hjá ríkinu.

Í fyrstu málsgrein málsatvikalýsingarinnar segir að hún byggist á upplýsingum og gögnum sem nefndin hefur fengið afhent frá dómsmálaráðuneyti með vísan til 112. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Ákvæði 112. gr. fjallar um hvað skal gera ef ágreiningur er á milli umboðsmanna stjórnmalasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð. Ekki er grein fyrir þessum ágreiningi á milli umboðsmanna í drögunum. Sem umboðsmaður veit ég ekki til þessa að ágreiningur hafi verið á milli umboðsmanna og landskjörstjórnar sem bókaður í gerðabók landskjörstjórnar, sbr. 112. gr.

Í 104. gr. er fjallað um kærur til lögreglustjóra og í XXI. kafla (118. og 119. gr.) er fjallað um kosningakærur.

Skjalið heitir: "Framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi. Málsatvik." Í ljósi nafnsins finnst mér eðlilegt að grunnupplýsingar um kosningarnar í kjördæminu séu veittar í upphafi. Það er að segja um fjölda kjörseðla, notaðra og ónotaðra seðla o.s.frv. Þessar upplýsingar koma fram að hluta til í síðustu málsgrein skjalsins. Málsatvikalýsingin skiptist í fimm kafla, sem eru eftirfarandi:

1. Fyrri talning atkvæða.
2. Fundarfrestun yfirkjörstjórnar.
3. Seinni talning atkvæða.
4. Málsmeðferð landskjörstjórnar.
5. Upplýsingaöflun nefndarinnar.

Skipta mætti kafla 3, Seinni talning atkvæða, upp til að auka skýrleika. Hér eru dæmi um undirkafla sem gætu komið til greina: Talningarsalur – Talningarferlið - Aðkoma umboðsmanna - Ógildir kjörseðlar

Sjá nokkrar athugasemdir mínar hér á eftir.

Dæmi um skritið orðalag: *“Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirbúningsnefndin aflaði sér á vettvangi á Hótel Borgarnesi skiptist salurinn í fremri sal, þar sem voru veitingar og umboðsmenn höfðu til að mynda aðstöðu, og innri sal þar sem talning atkvæða fór fram.”* Hvaða upplýsinga aflaði nefndin sér um skiptingu talningarsalarins? Ég kom á Hótel Borgarnes á sunnudeginum 26. september sl. Ekki var ég var neina skiptingu á sal. Þar eru tvö rými, salur þar sem talningin fór fram og rými fyrir framan salin, þar sem voru veitingar og aðstaða fyrir umboðsmenn. Ég þurfti ekki að afla neinna upplýsinga til að sjá það.

Lýsing á talningaferlinu er ruglingsleg. Í kaflanum *Fyrri talning atkvæða* er fjallað um talningarferlið og segir þar m.a. eftirfarandi: *“Lýsti starfsmaðurinn talningarferlinu svo að afstemming atkvæða, flokkun þeirra og talning hafi verið öll gerð á einu og sama talningarborði, þ.e. hvert borð fór í gegnum allt talningarferlið. Það sé breyting frá fyrra verklagi þar sem atkvæði fóru í gegnum fjögur talningarborð.”* Er þetta haft eftir starfsmanni í talningu sem kvaðst vera í áttunda skipti við talninguna.

Í málsgreininni á eftir segir eftirfarandi: *“Á fundi með nefndinni tóku tveir starfsmenn talningar undir framangreinda lýsingu á talningarferlinu og að nýtt verklag hafi verið tekið upp síðar um kvöldið eða um nóttina þegar flöskuháls myndaðist á fyrsta borðinu þar sem afstemming atkvæða úr atkvæðakössum fór fram. Fram að því hafi fyrra verklag, þar sem atkvæði fóru í gegnum fjögur talningarborð verið notað við talninguna.”* Hér er talað um að nýtt verklag hafi verið tekið upp síðar um kvöldið eða um nóttina. Svo segir: *“Fram að því hafi fyrra verklag, þar sem atkvæði fóru í gegnum fjögur talningarborð verið notað við talninguna.”*

Í málsgreininni á undan er talað um breytingu á fyrra verklagi þar sem atkvæði fóru í gegnum fjögur talningarborð líkt og það verklag hafi verið notað allan tímann á kosninganótt en ekki þau sjö skipti sem starfsmaður hafði hafði áður verið við talningu. Ekki er gert nánar grein fyrir þessari breytingu á talningarferlinu eða hún borin undir yfirkjörstjórn eða oddvita hennar. Hvernig fer talning fram sem öll er gerð á einu og sama talningarborðinu? Hvernig fer hún fram þegar hún fer í gegnum fjögur talningarborð?

Skil ekki hvað eftirfarandi setning er að gera í málsatvikalýsingunni: *“Ráða má af fjölmiðlum að niðurstöður lokatalningar í Norðvesturkjördæmi, sem skráðar eru í gerðabók, hafi verið kunngjörðar um kl. 7.00 sunnudaginn 26. september 2021.”* Þetta geta ekki talist málsatvik um framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi, einhver ágiskun úr fjölmiðlum. Sama á við um þessa setningu: *“Á þeim tíma lá fyrir að talningu atkvæða var ekki lokið í Suðvesturkjördæmi, en talningu lauk þar kl. 8.35 samkvæmt gerðabók yfirkjörstjórnar, og í Norðausturkjördæmi lauk talningu kl. 9.20 samkvæmt gerðabók yfirkjörstjórnar.”*

Í kaflanum Fundarfrestun yfirkjörstjórnar segir eftirfarandi: “Í þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað frá lögreglustjóranum á Vesturlandi er að finna lýsingu á staðháttum á Hótel Borgarnesi þar sem talning atkvæða fór fram.” Hér er aftur fjallað um skipulag innan dyra á Hótel Borgarnesi og vísað til lýsingar á “staðháttum”. Áður var það gert; “Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirbúningsnefndin aflaði sér á vettvangi á Hótel Borgarnesi”, sbr. umfjöllun hér að ofan.

*Seinni talning atkvæða.*

Það vantar upplýsingar frá yfirkjörstjórn og oddvita hennar um hvernig endurtalning var skipulögð og fór fram.

Hér er sem dæmi málsgrein frá starfsmanni yfirkjörstjórnar, sem kom á talningarstað eftir að hún hófst og segir að í endurtalningu hafi atkvæðaseðlar ekki verið taldir frá grunni. Sjá undirstrikanir.

*“Á fundi með starfsmanni yfirkjörstjórnar, sem hafði umsjón með starfsfólki talningar, kom fram að hún hafi verið komin aftur upp í Borgarnes kl. 14.30 sunnudaginn 26. september 2021. Sagði starfsmaðurinn að yfirkjörstjórn hafi byrjað að telja nokkra listabókstafi áður en hún kom á svæðið. Búið hafi verið að telja nokkra flokka áður en starfsfólk talningar tók við. Eftir að talningarfólk var komið á staðinn fannst ein villa í atkvæðabunkum en hinar hafi áður verið komnar fram. Aðspurð sagði starfsmaðurinn að hún hefði viljað fá að telja öll atkvæðin aftur með sínu talningarfólki og hefði gert athugasemd við oddvita yfirkjörstjórnar hefði hún vitað að hann ætlaði að byrja talninguna áður en hún mætti á staðinn. Sagði starfsmaðurinn að í endurtalningu hefði hver listabókstafur verið tekinn fyrir sig og allt tvítalið aftur og samhliða athugað hvort allir atkvæðaseðlar væru rétt flokkaðir. Síðar á fundinum sagði starfsmaðurinn að í endurtalningunni hafi atkvæðaseðlar ekki verið taldir frá grunni.”*

Engar upplýsingar eru frá yfirkjörstjórn um þessa fullyrðingu.

Varðandi mætingu mína á talningarstað í endurtalningunni.

Ég mætti töluvert á undan Magnúsi Norðdahl, frambjóðanda Pírata í Norðvesturkjördæmi. Eftirfarandi passar því ekki:

*“Segir í kærú Magnúsar að hann hafi komið á Hótel Borgarnes kl. 16:28 þegar endurtalning var í fullum gangi.”*

*“Eyjólfur sagðist í samtali við nefndina hafa mætt um það bil kl. 16.30”*

Ég hef líklega verið mættur á talningastað fyrir klukkan 16:00. Ég var búinn að ræða við oddvita yfirkjörstjórnar og stóð frammi fyrir utan talningasalinn að fá mér samloku og ræða við blaðamann Skessuhorns þegar Magnús kemur á talningastað.

Málsgreinin sem byrjar eftirfarandi er ruglingsleg: “Á fundi nefndarinnar með umboðsmönnum framboðslista í Norðvesturkjördæmi kom fram.....” Hjá hverjum kom þetta fram?

Einnig hjá hverjum kom fram eftirfarandi? “Fram kom að oddviti hafi haft samband við þann sem hann taldi vera umboðsmann Pírata en síðar kom í ljós að var ekki umboðsmaður listans eins og áður

var rakið. Oddviti hafi síðan ekki beðið með að hefja endurtalningu þar til umboðsmaður Pírata var kominn á staðinn í Borgarnes. Umboðsmaður Pírata hafi spurt oddvita við komu á Hótel Borgarnes hverjir hafi verið viðstaddir þegar innsigli gagna voru rofin til að hefja endurtalningu og oddviti hafi sagt að kjörgögnin hafi ekki verið innsiglið en aðilar hafi verið þarna á milli talninga að gæta kjörgagna.”

“Umboðsmaður Sósíalístaflokks Íslands sagði að oddviti hafi boðað sig til endurtalningarinnar en lagði ekki sérstaka áherslu á að hún yrði viðstödd. Oddviti yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi sagði á fundi með nefndinni að hann kannist ekki við að hafa ráðlagt umboðsmönnum frá því að vera viðstaddir endurtalningu.”

Það er ekki oddvita yfirkjörstjórnar að ráðleggja umboðsmönnum hvort þeir séu viðstaddir endurtalningu eða ekki, sbr. lok nefndrar málgreinar. Hefur ekkert með málsatvik að gera, það er ekki málsatvik hvað ekki er gert, sbr. orðinn “hann kannist ekki við að hafa ráðlagt umboðsmönnum frá því að vera viðstaddir endurtalningu.”

Oddviti yfirkjörstjórnar hringdi í mig og tilkynnti mér um endurtalningu og sagði að ég gæti verið viðstaddur hana sem oddviti lista og þar með umboðsmaður. Ég ætlaði í upphafi ekki að mæta en ákvað síðan að gera það.

Ég geri athugasemd við eftirfarandi.

“Umboðsmenn framboða sögðu á fundi með nefndinni að auðir og ógildir seðlar hafi ekki verið bornir undir umboðsmenn í endurtalningu en umboðsmaður Pírata hafi skoðað ógilda seðla úr fyrri talningu með oddvita yfirkjörstjórnar. Umboðsmaður Viðreisnar sagði að vafaatkvæði hafi ekki verið borinn undir hann í endurtalningunni en hann hafi gert sér grein fyrir því að ástæðulaust hafi verið að fara aftur yfir auða og ógilda seðla þar sem ástæðan fyrir endurtalningu voru rangt flokkuð atkvæði.”

Ég sagði tvisvar á nefndarfundinum að mig minnir að það hafi verið búið að úrskurða um auða og ógilda seðla í talningunni á kosninganótt. Þeir úrskurðir voru ekki ógiltir og teknir upp í endurtalningu og síðan endurúrskurðað um auða og ógilda. Þessi frásögn hér er ekki hlutlaus á málsatvikum og ekki ásættanleg. Það fundust D og B seðlar í C-bunka og var það ástæða endurtalningar. Endurtalning gengur út á það að athuga hvort flokkun og talning sé rétt. Kjörseðlar frá lista geta verið í röngum bunkum, sbr. ástæða endurtalningar.

Varðandi eftirfarandi málgrein þá sagði oddviti yfirkjörstjórnar eftir upplestur niðurstöðu endurtalningar að þær yrðu sendar landskjörstjórn sem sæi um alla útreikninga og útteilingu þingsæta.

“Á fundi nefndarinnar með umboðsmönnum kom fram að yfirkjörstjórn veitti ekki frekari upplýsingar eftir að niðurstöður endurtalningar hafi verið kynntar.”

Skil ekki eftirfarandi setningar, sérstaklega ekki seinni setninguna:

“Miðvikudaginn 29. september 2021 barst landskjörstjórn tölvuskeyti frá fulltrúa í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis þess efnis að viðkomandi hafi gert athugasemd við oddvita yfirkjörstjórnarinnar um orðalag í fundargerð um „að ákveðið hafi verið“ þegar engin ákvörðun var tekin um endurtalningu atkvæða heldur byrjuðu kjörstjórnarmenn að telja og skoða atkvæði áður en aðrir kjörstjórnarmenn komu á staðinn. Viðkomandi kvað fundargerðina ekki vera í sínu nafni þar sem hann hafi hvergi komið að ákvörðun um að telja aftur atkvæði Viðreisnar. Miðvikudaginn 29.

*september kl. 20.37 barst landskjörstjórn síðari hluti kosningaskýrslu frá Norðvesturkjördæmi, þá með skráningu breyttra atkvæðaseðla úr kjördæminu. Fimmtudaginn 30. september 2021 kl. 18.38 sendi starfsmaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis landskjörstjórn tölvuskeyti að eigin frumkvæði með niðurstöðu fyrri talningar, sem lauk um kl. 7.00 sunnudaginn 26. september 2021.”*

Frá hverjum barst landskjörstjórn síðari hluti kosningaskýrslunnar og afhverju var hún send í tveim hlutum? Var það frá “frá fulltrúa í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis”. Furðuleg notkun á orðinu “viðkomandi”.

Var starfsmaður yfirkjörstjórnar að senda tölvupóst til landskjörstjórnar 30. september að senda hann sem einstaklingur privat og persónulega eða fyrir hönd yfirkjörstjórnar?

Þetta eru bara nokkur dæmi sem ég tók saman á stuttum tíma. Athugasemdirnar og ábendingarnar hefðu getað verði ítarlegri.

**From:** [REDACTED] [Starfsmaður yfirkjörstjórnar

Norðvesturkjördæmis sem hafði umsjón með starfsfólki við talningu]

**Sent:** mánudagur, 8. nóvember 2021 15:58

**To:** [REDACTED]

**Subject:** Kjörbréfanefnd

Ég hef mótið þetta bréf frá ykkur. [REDACTED]

Sæl

Mér eða okkur talningafólkinu sem mættum á sunnudaginn var ekki meinaður aðgangur af neinum gögnum eða neinu svoleiðis. Við hefðum örugglega mátt telja allt, en við töldum bara þá flokka sem okkur voru réttir (alveg eins og ég nefndi þá man ég ekki alveg hvað ég og hinir töldum)

Það er það eins sem ég vildi koma frá mér.

**From:** [REDACTED]

[Starfsmaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis]

**Sent:** föstudagur, 5. nóvember 2021 13:06

**To:** [REDACTED]

**Subject:** Varðandi drögin

Sæll

Á blaðsíðu 12 stendur að ég hafi sent fyrri skýrsluna að eigin frumkvæði til [REDACTED] [starfsmanns Landskjörstjórnar]. En rétt er að ég gerði það eftir samtal við [REDACTED], kjörstjórnarmann.

**From:** [REDACTED]

[Starfsmaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis]

**Sent:** þriðjudagur, 9. nóvember 2021 09:04

**To:** [REDACTED]

**Subject:** endurtalningin - athugasemd

Sæll

Eftir að ég las málsatvikalýsinguna og sá fréttir þess efnis að ekki væri hægt að fullyrða að öll akvæði hefðu verið talin þá langar mig að benda á að það hefði ekki farið framhjá mér ef eitthvað ósamkomulag hefði komið upp og talningarfólk ekki fengið að telja allt aftur. Ég held að það hljóti að vera einhver miskilningur ef það er túlkunin.

Ég held að ef talningarfólki hefði verið neitað um einhvern hluta til að telja hefði [REDACTED] [starfsmaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis sem hafði umsjón með starfsfólki við talningu] komið til mín, látið mig vita og ég eða við rætt við [REDACTED] [oddvita yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis]. Þannig hefur þetta verið í gegnum tíðina, ef eitthvað hefur komið upp hefur það verið rætt við mig og ég rætt við formann.

Ég talaði við [REDACTED] [starfsmann yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis sem hafði umsjón með starfsfólki við talningu] og [REDACTED] taldi að þau hefðu talið allt og ekki hefði verið ósamkomulag. Einnig talaði ég við [REDACTED] [fulltrúa í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis] og [REDACTED] tók undir, [REDACTED] taldi víst að talningarfólkið hefði talið allt.

En að sjálfsögðu hef ég ekki samtöl þeirra við ykkur.

Með kveðju / Best regards